



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 20. mars 2023

Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót – Nokkrar breytingar
Reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga – Flóðlýsing við nýframkvæmdir
Reglugerð um félagaskipti, samninga- og stöðu leikmanna og félaga

Ágætu félagar.

Nokkrar breytingar á reglugerðum KSÍ hafa verið samþykktar á fundum stjórnar KSÍ í desember 2022 og janúar og febrúar 2023.

- Á fundi stjórnar KSÍ 14. desember 2022 var samþykkt að taka upp lotukerfi í 2. flokki karla A liðum.
- Á fundi stjórnar KSÍ 10. janúar 2023 voru samþykktar breytingar er varða tekjur og gjöld í bikarkeppnum KSÍ. Þá voru samþykktar breytingar er varðar flóðlýsingu við nýframkvæmdir fyrir vallarflokk B.
- Á fundi stjórnar KSÍ 9. febrúar 2023 voru samþykktar breytingar á reglugerð um knattspyrnumót er varðar keppnisbolta, nafn á deildum og heimild til veitingu verðlauna.
- Á sama fundi samþykkti stjórn KSÍ að framlengja bráðabirgðaákvæði í reglugerð varðandi heimild til að hafa að hámarki fjóra leikmenn frá öðrum löndum en Evrópska efnahagssvæðinu, Færeyjum og Grænlandi skráða á 2 leikskýrslu í 1. aldursflokki í hvert sinn í leik á vegum KSÍ, að því skilyrði uppfylltu að a.m.k. einn þeirra leikmanna hafi úkraínskan ríkisborgararétt.

Hér fyrir neðan er yfirlit yfir tilgreindar breytingar:

Það sem samþykkt hefur verið að bæta við í reglugerð er **grænmerkt**
Það sem samþykkt hefur verið að fjarlægja úr reglugerð er ~~yfirstrikað~~

REGLUGERÐ KSÍ
um knattspyrnumót

6.gr.

Verðlaunagripir og verðlaunapeningar

- 6.1 Stjórn KSÍ veitir verðlaunagripi sem vinnast til eignar í öllum mótum á vegum KSÍ þar sem keppt er til úrslita. Í Íslandsmóti, bikarkeppni, meistarakeppni KSÍ og deildarbikarkeppni KSÍ skal einnig veita verðlaunagripi sem sigurvegarar varðveita þar til keppt er um þá næst. Stjórn KSÍ getur sett ítarlegri reglur um einstaka verðlaunagripi. **Í Íslandsmóti meistaraflokks í tveimur efstu deildum karla og kvenna er ÍTF heimilt að veita farandgrip til sigurvegara móta og getur sett reglur þar um.**

11.gr.

Keppnisknettir

- 11.1 Það félag eða aðili sem fyrir leik á að ráða skal leggja til knött og varaknetti í leikinn.

~~11.2 KSÍ skal heimilt að semja um notkun knattar af tiltekinni gerð í einstök mót á þess vegum.~~

13.gr.

Þátttökuréttur

- 13.4. Þátttökutilkynningar í landsmótum skulu berast skrifstofu KSÍ á sérstökum eyðublöðum fyrir 10. janúar. Félög sem rétt eiga til þátttöku í landsdeildum meistaraflokks skulu þó staðfesta þátttöku sína þar með formlegum hætti fyrir 1. nóvember árið áður. Þátttökutilkynningar verða ekki teknar til greina nema nauðsynlegar upplýsingar fylgi skv. reglugerðum KSÍ og fyrirmælum mótanefndar, sem og helmingur þátttökugjalda, helmingur heildargjalds vegna ferða- og upphaldskostnaðar dómara- og aðstoðardómara vegna leikja í deildakeppni **og bikarkeppnum** (ef við á) og ógreiddar skuldir fyrra árs. Eftirstöðvar þessara gjalda skal inna af hendi eigi síðar en 30. apríl sama ár ella hefur þátttökutilkynningin ekki verið staðfest.

23.gr.

Meistaraflokkur karla

23.1 Íslandsmót

- 23.1.1 Íslandsmóti meistaraflokks karla skal þátttökuliðum skipt í 7 deildir, efsta deild skal skipuð 12 liðum, 1. deild 12 liðum, 2. deild 12 liðum, 3. deild 12 liðum, 4. deild 10 liðum, 5. deild 16 liðum sem leika í tveimur riðlum og Utandeild öðrum liðum. ~~Stjórn KSÍ ákveður á hverju ári hvert skuli vera nafn viðkomandi deilda.~~

23.2 Bikarkeppni KSÍ

- 23.2.9 Aðgangseyrir að frádregnum kostnaði við framkvæmd leiks, þ.e. 20% framkvæmdagjald til heimaliðsins og ferðakostnaður keppnisliða (fargjald fyrir allt að 22), greiðist jafn til leikaðila. Aðkomulið skal gæta hagkvæmni í ferðakostnaði og getur ferðakostnaður aldrei numið hærri upphæð en sem nemur fargjaldi frá viðurkenndu rútufyrirtæki og/eða kostnaði við siglingu á umræddri leið. Sé ferðakostnaður hærri skal aðkomulið bera kostnað af mismun. Aðrar tekjur vegna framkvæmdar leiks skulu renna til heimaliðs, nema leikaðilar komist að öðru samkomulagi. Um aðgöngumiða gilda sömu ákvæði og í Íslandsmóti eftir því sem við á. ~~Tekjur af seldum aðgöngumiðum og tekjur af útvarpi og sjónvarpi skulu skiptast jafnt milli leikaðila. Allar aðrar tekjur skulu renna til heimaliðs, nema leikaðilar komist að öðru samkomulagi. Um aðgöngumiða gilda sömu ákvæði og í Íslandsmóti eftir því sem við á~~

- 23.2.10 Tekjur vegna sjónvarpsréttinda, markaðsréttinda, nafnaréttinda og annarrar markaðssetningar í bikarkeppni skulu skiptast á milli þátttökuliða í aðalkeppni að frádregnum kostnaði KSÍ við keppnina. Venjulegur kostnaður við leiki, þ. e. 20% framkvæmdagjald til heimaliðsins, ferðakostnaður keppnisliða (fargjald fyrir allt að 22) og ferða- og upphaldskostnaður dómara greiðist að jöfnu af báðum leikaðilum. Aðkomulið skal gæta hagkvæmni í ferðakostnaði og getur ferðakostnaður aldrei numið hærri upphæð en sem nemur fargjaldi frá viðurkenndu rútufyrirtæki og/eða kostnaði við siglingu á umræddri leið. Sé ferðakostnaður hærri skal aðkomulið bera kostnað af mismun.

23.3 Bikarkeppni neðri deilda

- 23.3.6 Aðgangseyrir að frádregnum kostnaði við framkvæmd leiks, þ.e. 20% framkvæmdagjald til heimaliðsins og ferðakostnaður keppnisliða (fargjald fyrir allt að 22), greiðist jafn til leikaðila. Aðkomulið skal gæta hagkvæmni í ferðakostnaði og getur ferðakostnaður aldrei numið hærri upphæð en sem nemur fargjaldi frá viðurkenndu rútufyrirtæki og/eða kostnaði við siglingu á umræddri leið. Sé ferðakostnaður hærri skal aðkomulið bera kostnað af mismun. Aðrar tekjur vegna framkvæmdar leiks skulu renna til heimaliðs, nema leikaðilar komist að öðru samkomulagi. Um aðgöngumiða gilda sömu ákvæði og í Íslandsmóti eftir því sem við á.
- 23.3.7 Tekjur vegna sjónvarpsréttinda, markaðsréttinda, nafnaréttinda og annarrar markaðssetningar í bikarkeppni neðri deilda skulu skiptast á milli þátttökuliða að frádregnum kostnaði KSÍ við keppnina.
- 23.3.8 Hugsanlegt tap greiðist af leikaðilum að jöfnu. Verði að aflýsa leik, gilda sömu ákvæði og í Íslandsmóti.

24.gr.
2. flokkur karla

Þrátt fyrir ákvæði 24.1 fer um keppni A-liða keppnistímabilið 2023 eftir bráðabirgðaákvæði 24.3.

Ákvæði til bráðabirgða fyrir keppnistímabilið 2023.

24.3. Íslandsmót A-liða

24.3.1. Í 2. flokki skal keppni A-liða keppnistímabilið 2023 fara eftir ákvæði þessu.

24.3.2. Liðum skal raðað niður í tíu liða riðla eftir getu en þó ræðst fjöldi liða í hverjum riðli af fjölda skráðra liða. Í öllum riðlum skal leikin einföld umferð skv. töfluröð í grein 20 og ræðst númer liða í töfluröð af árangri. Mótanefnd KSÍ er þó heimilt að ákveða breytt leikjafyrirkomulag í einstaka riðlum ef þurfa þykir að mati nefndarinnar, til að mynda a.t.t. fjölda liða í umræddum riðli / riðlum.

24.3.3. Íslandsmót A-liða skal leikið í þremur lotum með eftirfarandi hætti:

- a) Lota 1; skal leikin frá mars til maí mánaðar.
- b) Lota 2; skal leikin frá maí til júlí
- c) Lota 3; skal leikin frá ágúst til október.

Miðað skal við að tvö neðstu liðin í hverjum riðli í hverri lotu, að neðsta riðlinum undanskildum, færast niður um riðil fyrir næstu lotu og tvö efstu liðin í hverjum riðil í hverri lotu, að efsta riðlinum undanskildum, færast upp um riðil. Eftir að keppni er í lokið í lotu 3 skal sigurvegari í efsta riðli krýndur Íslandsmeistari.

24.3.3. Nánar fer um mótafyrirkomulag eftir ákvörðun mótanefndar.

29.gr.
Meistaraflokkur kvenna

29.1 Íslandsmót

29.1.1 Í Íslandsmóti meistaraflokks skal þátttökuliðum skipt í þrjár deildir. Efsta deild skal skipuð 10 liðum, 1. deild 10 liðum og 2. deild öðrum liðum. ~~Stjórn KSÍ ákveður á hverju ári hvert skuli vera nafn viðkomandi deilda.~~

29.2. Bikarkeppni KSÍ

29.2.5 Aðgangseyrir að frádregnum kostnaði við framkvæmd leiks, þ.e. 20% framkvæmdagjald til heimaliðsins og ferðakostnaður keppnisliða (fargjald fyrir allt að 22), greiðist jafn til leikaðila. Aðkomulið skal gæta hagkvæmni í ferðakostnaði og getur ferðakostnaður aldrei numið hærri upphæð en sem nemur fargjaldi frá viðurkenndu rútufyrirtæki og/eða kostnaði við siglingu á umræddri leið. Sé ferðakostnaður hærri skal aðkomulið bera kostnað af mismun. Aðrar tekjur vegna framkvæmdar leiks skulu renna til heimaliðs, nema leikaðilar komist að öðru samkomulagi. Um aðgöngumiða gilda sömu ákvæði og í Íslandsmóti eftir því sem við á. ~~Tekjur af seldum aðgöngumiðum og tekjur af útvarpi og sjónvarpi skulu skiptast jafnt milli leikaðila. Allar aðrar tekjur skulu renna til heimaliðs, nema leikaðilar komist að öðru samkomulagi. Um aðgöngumiða gilda sömu ákvæði og í Íslandsmóti eftir því sem við á.~~

29.2.6 ~~Tekjur vegna sjónvarpsréttinda, markaðsréttinda, nafnaréttinda og annarrar markaðssetningar í bikarkeppni skulu skiptast á milli þátttökuliða í aðalkeppni að frádregnum kostnaði KSÍ við keppnina. Venjulegur kostnaður við leiki, þ. e. 20% framkvæmdagjald til heimaliðsins, ferðakostnaður keppnisliða (fargjald fyrir allt að 22) og ferða- og upphaldskostnaður dómara greiðist að jöfnu af báðum leikaðilum. Aðkomulið skal gæta hagkvæmni í ferðakostnaði og getur ferðakostnaður aldrei numið hærri upphæð en sem nemur fargjaldi frá viðurkenndu rútufyrirtæki og/eða kostnaði við siglingu á umræddri leið. Sé ferðakostnaður hærri skal aðkomulið bera kostnað af mismun.~~

Greinargerð

Breytingar sem samþykktar hafa verið á reglugerð um knattspyrnumót, voru að hluta unnar og lagðar til af mótanefnd KSÍ. Að frumkvæði knattspyrnusviðs var lagt til og síðar samþykkt að taka upp lotukerfi í keppni Íslandsmóts A-liða í 2. flokki karla. Leikið er í þremur í 10 liða lotum og mun leikjum fjölga úr 18 og í 27 leiki. Breytingar sem gerðar hafa verið á greinum 6, 11, 23.1.1 og 29.1.1 reglugerðarinnar eru tilkomnar vegna núverandi fyrirkomulags í markaðsmálum efstu deilda karla og kvenna.

Einnig hafa verið samþykktar breytingar á greinum 23 og 29 sem snúa að uppgjöri vegna leikja í Bikarkeppni KSÍ annars vegar og Bikarkeppni neðri deilda hins vegar. Fyrirkomulag sem ákveðið hefur verið á uppgjöri vegna tekna og gjalda í Bikarkeppni neðri deilda, er að mestu sambærilegt við það fyrirkomulag sem hefur verið í gildi í Bikarkeppni KSÍ. Nú er hins vegar gert ráð fyrir því að tekjur vegna sjónvarpsréttinda, markaðsréttinda, nafnaréttinda og annarrar markaðssetningar í bikarkeppni skulu skiptast á milli þátttökuliða að frádregnum kostnaði KSÍ við keppnina. Í Bikarkeppni KSÍ er miðað við að tekjur skiptist með þessum hætti aðeins á milli þátttökuliða í aðalkeppni.

REGLUGERÐ KSÍ um félagaskipti, samninga- og stöðu leikmanna og félaga

22. gr.
Erlendir leikmenn

- 22.1. Erlendur ríkisborgari telst hlutgengur hafi hann keppnisleyfi útgefið af skrifstofu KSÍ. Ekki geta fleiri en þrjú erlendir leikmenn frá öðrum löndum en Evrópska efnahagssvæðinu, Færeyjum og Grænlandi verið skráðir á leikskýrslu í 1. aldursflokki í hvert sinn í leik á vegum KSÍ. Leikmaður með breskt ríkisfang (England, Norður-Írland, Skotland og Wales) sem fengið hefur útgefið keppnisleyfi hjá aðildarfélagi KSÍ fyrir 1. janúar 2021 (Brexit) telst ekki á meðal þeirra þriggja erlendu leikmanna frá öðrum löndum en Evrópska efnahagssvæðinu, Færeyjum og Grænlandi sem geta verið á leikskýrslu í 1. aldursflokki.
- 22.2. Um félagaskipti erlendra leikmanna, sem leikið hafa með íslensku félagi, gilda ákvæði þessarar reglugerðar.

Ákvæði til bráðabirgða 2023:

- 22.3 Þrátt fyrir ákvæði 22.1 er félögum á keppnistímabilinu 2023 heimilt að hafa að hámarki fjóra leikmenn frá öðrum löndum en Evrópska efnahagssvæðinu, Færeyjum og Grænlandi skráða á leikskýrslu í 1. aldursflokki í hvert sinn í leik á vegum KSÍ, að því skilyrði uppfylltu að a.m.k. einn þeirra leikmanna hafi úkraínskan ríkisborgararétt.

Greinargerð:

Um er að ræða framlengingu á bráðabirgðaákvæði sem samþykkt var fyrir keppnistímabilið 2022. Ákvæðið mun áfram gilda til bráðabirgða en nú út keppnistímabilið 2023.

REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnuleikvanga

Grein 41 – Flóðlýsing

- 41.1 Flóðlýsing á leikvöllum skal uppfylla kröfur sem koma fram í gildandi staðli IST EN 12193 og í reglugerð UEFA um leikvanga (UEFA Stadium Infrastructure Regulations), þar sem hún á við og til hennar vísað.
- 41.2 Flokkur A: Krafist er flóðlýsingar í samræmi við kröfur UEFA í vallarflokki 3 (Category 3). ~~KSÍ er þó heimilt að lækka þessar kröfur til samræmis við vallaflokk 2 í reglugerð UEFA, ef rökstudd umsókn er lögð fram um slíkt, og leikvangurinn er ekki ætlaður fyrir keppni landsliða í mótum á vegum UEFA eða FIFA.~~
- 41.3 Flokkur B: Ekki er gerð krafa um flóðljós á leikvangi sem er ætlaður fyrir keppni á vegum KSÍ, en á nýjum leikvöllum eða við verulegar endurbætur leikvalla liða í efstu og næst efstu deild er æskilegt að gert sé ráð fyrir lýsingu.

Flóðlýsing sem fyrir er á leikvöllum í flokki B og uppfyllti staðla og reglugerðir þegar hún var sett upp, skal að lágmarki vera 500 Eh(lux).

~~Ef leikvöllur er útbúinn með flóðljósum, og til sjónvarpsútsendingar kemur, þarf nauðsynleg lýsing að lágmarki að vera 500 Ev (lux), skv. íslenskum staðal þar um (IST EN 12193:2007). Jafnleiki lýsingar skal ekki vera minni en 0,5 fyrir Emin/Emax og 0,7 fyrir Emin/Eav. Litur lýsingar skal vera >4000°K.~~

Við nýframkvæmdir og endurbætur á flóðlýsingu á leikvöllum í flokki B skal lýsingin að lágmarki vera 800 Eh(lux).

- 41.4 Flokkur C: Ekki er gerð krafa um flóðljós á leikvangi sem er ætlaður fyrir keppni á vegum KSÍ.

Ef leikvöllur í flokki C er útbúinn með flóðljósum skal lýsing að lágmarki að vera 300 Eh (lux).

Við nýframkvæmdir og endurbætur á leikvelli í flokki C skal lýsing á hinn bóginn að lágmarki vera 500 Eh(lux) og uppfylla að öðru leyti gildandi staðal og reglugerðir, skv. grein 41.1

Ef sjónvarpað er frá leikvelli og lýsing nauðsynleg, skal lýsingin vera að lágmarki 500 Eh (lux).

- 41.5 Reglugerðir UEFA gilda um flóðlýsingu á knattspyrnuvöllum sem leikið er á í keppnum á vegum UEFA.

Greinargerð:

Samþykktar hafa verið breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga. Hluti breytinga voru gerðar vegna breytinga sem orðið hafa á byggingarstöðlum sem vísað er til í reglugerðinni. Þá hefur verið samþykkt ný krafa sem tekur til nýframkvæmda og endurbóta á flóðlýsingu í vallarflokki B og C. Skal lýsing að lágmarki vera 800 Eh(lux) við nýframkvæmdir eða endurbætur í vallarflokki B. Við nýframkvæmdir og endurbætur á leikvelli í flokki C skal lýsing á hinn bóginn að lágmarki vera 500 Eh(lux).

Þó er fyrirséð að ákvæði er varða flóðlýsingu á keppnisvöllum í efstu deildum karla og kvenna muni taka frekari breytingum, þegar endanleg útfærsla liggur fyrir vegna tillögu sem samþykkt var á ársþingi KSÍ 2023. Sjá [tillögu](#).

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Haukur Hinriksson

Haukur Hinriksson,
yfirlögfræðingur hjá KSÍ